



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LUGANSKY SPILAR GRIEG

9. MAÍ
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Vald örlaganna: 8'

Píanókonsert: 30'

Rómeó og Júlía: 40'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Norski hljómsveitarstjórinn Eivind Aadland hleypur í skarðið fyrir Yan Pascal Tortelier, aðalstjórnanda hljómsveitarinnar, en hann þurfti því miður að aflýsa komu sinni vegna veikinda.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FM 09 MÍ 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

LUGANSKY SPILAR GRIEG

Eivind Aadland

hljómsveitarstjóri

Nikolai Lugansky

einleikari

EFNISSKRÁ

Giuseppe Verdi

La forza del destino, forleikur (Vald örlaganna, 1862/1869)

Edvard Grieg

Píanókonsert í a-moll, op. 16 (1868)

Allegro molto moderato

Adagio

Allegro moderato molto e marcato

Hlé

Sergej Prokofiev

Rómeó og Júlía, þættir úr ballettsvítum (1935)

Montag og Kapúlett

Júlía yngismær

Grímudans

Á svölunum

Gatan lifnar við

Fimm þör stíga dans

Dauði Tíbalts

Rómeó við gröf Júlíu – Dauði Júlíu

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



EIVIND AADLAND

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem geststjórnandi með filharmóníusveitunum í Björgvin og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku kammersveitinni.

Után Norðurlandanna hefur Aadland starfað með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Skotlandi og Pýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabíl stöðu konsertmeistara Filharmóníusveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibelíusarakadémiuna í Helsinki. Hann hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

Aadland hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands ellefu sinnum á tónleikum auk þess sem hann stjórnaði tónleikum Ungsveitar SÍ í tvígang. Síðast stjórnaði hann Aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í desember 2016.



NIKOLAI LUGANSKY

Einleikari


Rússneski píanóleikarinn Nikolai Lugansky er einn fremsti píanísti sinnar kynslóðar. Hann er fæddur í Moskvu árið 1972 og fimm ára gamall lék hann píanósónötu eftir Beethoven eftir heyrn, áður en hann hafði lært að lesa nótur. Hann lærði síðar við Tónlistarháskólann í Moskvu, þar sem Tatjana Nikolaeva var meðal kennara hans.

Lugansky komst ungur að árum á sigurpall í hinum ýmsu píanókeppnum. Hann hlaut silfurverðlaun í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig 1988, Rakhmanínov-keppninni í Moskvu 1990 og Tsjajkovskíj-keppninni 1994. Hann hefur komið fram með flestum helstu hljómsveitum og hljómsveitarstjórum heims, meðal annars Riccardo Chailly, Kurt Masur, Valeríj Gergíev og Mikhaíl Pletnev.

Meðal hápunkta yfirstandandi tónleikaárs má nefna tónleika með Orchestre de Paris, Minnesota-hljómsveitinni og Þjóðar-hljómsveit Rússlands, auk þess sem Lugansky lék einleik í tónleikaferð Filharmóníusveitarinnar í Sankti Pétursborg til Japan. Þá eru framundan einleikstónleikar í Muziekgebouw í Amsterdam og Théâtre des Champs-Élysées í París.

Lugansky hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hljómdiska sína. Hann hefur hljóðritað m.a. fyrir Deutsche Grammophon og Warner Classics en er nú samningsbundinn Naïve-forlaginu. Diskur hans með píanósónötum Rakhmanínovs vann bæði Diapason d'Or og ECHO Klassik-verðlaunin, og hljóðritun hans á píanókonsertum Griegs og Prokofíevs var valin einn af diskum mánaðarins hjá Gramophone. Nýr hljómdiskur hans með verkum eftir Claude Debussy er væntanlegur síðar á þessu ári. Lugansky var útnefndur þjóðarlistamaður Rússlands árið 2013 og er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Moskvu.

Lugansky leikur nú á Íslandi í annað sinn, en hann lék píanó-konsert nr. 3 eftir Rakhmanínov með Sinfóníuhljómsveit Íslands í september 2016.



GIUSEPPE VERDI

VALD ÖRLAGANNA, FORLEIKUR


Giuseppe Verdi (1813–1901) var eitt merkasta óperutónskáld 19. aldar og þegar hann lést var hann eitt dádasta tónskáld heims. Þótt margar óperur hans séu nú til dags kunnari en *La forza del destino* (Vald örlaganna, 1862) sést hún þó oft á fjöllum óperuhúsa víða um heim. Hún er líka hin eina af óperum Verdis sem hefst með forleik sem orðið hefur vinsælt númer á sinfónískum tónleikum. Verdi samdi *Vald örlaganna* fyrir keisaralega óperuhúsið í Sankti Pétursborg og í upphaflegri gerð hófst óperan með styttra forspili, rétt eins og til dæmis *La traviata* og *Rigoletto*. Viðtökur voru misjafnar og þegar hann endurskoðaði verkið fyrir La Scala árið 1869 samdi hann forleik í fullri lengd, þann sem hljómar á tónleikumum í kvöld.

Óperutextinn er eftir Francesco Maria Piave, samstarfsmann Verdis til margra ára, og er byggður á leikritinu *Don Álvaro* eða *Vald örlaganna* eftir spænska skáldið Ángel de Saavedra. Þetta er harmræn saga um elskendur sem ekki fá að eigast vegna andstöðu fjölskyldunnar og allt fer á versta veg. Elskendurnir eru maður að nafni Don Alvaro og Donna Leonora, dóttir markgreifans af Calatrava, en faðir hennar er staðráðinn í því að hún skuli giftast aðalsmanni. Þegar parið er um það bil að hlaupast á brott saman kemur markgreifinn óvænt að þeim og hótar Don Alvaro öllu illu, en hann kastar frá sér byssu sinni til að sýna sáttavilja. Til allrar óhamingju hleypur við það af skot sem hæfir markgreifann og deyr hann af sárnum sínum. Eftir þennan harmleik er úti um framtíðaráform elskendanna, Leonora sest að í klaustri en Alvaro skiptir um nafn og gengur í spænska herinn. Bróðir Leonoru dulbýr sig sem hermann og hyggst ná fram hefndum gegn Alvaro. Í herdeildinni verður þeim Alvaro vel til vana enda báðir undir dulnefni, en að lokum kemst bróðirinn að því hver hann er og þeir heyja einvígi þar sem bróðirinn fellur. Í lokaatriðinu fer Alvaro á fund sinnar heittelskuðu í klaustrinu, en þar liggur hún banaleguna og dregur hinsta andardráttinn áður en tjaldið fellur.

Dramatískur forleikur Verdis gefur sýnishorn af því fávíðri tilfinninganna sem óperugestir eiga í vændum. Þrungjið örlagastef sem er áberandi undir lok fyrsta þáttar hljómar hér ásamt stefjum úr seinni þáttum óperunnar, til dæmis bænarákalli Leonoru í 2. þætti og aríu Alvaros í lokapættinum. Tónlistina mótar Verdi af mikilli snilld og í henni rúmast allar þær tilfinningar sem láta á sér kræla í verkinu sjálfu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ópera Verdis, Vald örlaganna, var sýnd í Þjóðleikhúsinu árið 1994 við miklar vinsældir. Forleikurinn hefur stundum hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, til dæmis á tónleikum Luciano Pavarotti í Laugardalshöll árið 1980 og á tónleikum Ghena Dimitrovu í Kþplakrika sumarið 1993. Íslendingar fengu samt fyrst að kynna óperu Verdis í kvikmynd sem sýnd var í Trípólíbíói í janúar 1955, þar sem ítalski bærítónsöngvarinn Tito Gobbi var meðal helstu söngvara. Í auglýsingu sagði að myndin væri sýnd á stóru breiðtjaldi og að „töntæki“ hafi verið endurbætt mikið, „þannig að söngvamynd sem þessi nýtur sín nú sérlega vel“.



EDVARD GRIEG

PÍANÓKONSERT

Árið 1864 markaði tímamót á ferli hins tuttugu og eins árs gamla Edvard Grieg (1843–1907). Hann var rétt rúmlega tvítugur, nýútskrifaður frá Tónlistarháskólanum í Leipzig og hafði sem tónsmiður helst verið undir áhrifum þýskra og danskra höfunda. En þetta sumar kynntist hann Rikard Nordraak, tónskáldi sem var árinu eldri og er í dag kunnastur fyrir að hafa samið þjóðsöng Norðmanna. Nordraak brann fyrir því að skapa norska tónlist út frá þjóðlegum arfi og kveikti þá glóð líka hjá Grieg. Nordraak lést ári síðar, aðeins tuttugu og þriggja ára gamall, en Grieg tók við keflinu og samdi tónlist með norsku yfirbragði rétt eins og vin hans hafði dreymt um.

Sumrinu 1868 eyddi Grieg í danska smábænum Søllerød ásamt Ninu, eiginkonu sinni til eins árs, og tveggja mánaða dóttur þeirra. Þjóðleg einkenni höfðu þegar gert vart við sig í píanóverkum Griegs á borð við *Lýrísk stykki* op. 12, en píanókonsertinn var fyrsta stóra tónsmíðin þar sem hann sameinar einkenni norskra þjóðlaga og hina þýsku hefð sem hann hafði numið í Leipzig. Konsertinn varð fyrsta verk Griegs til að vekja hrifningu tónlistarmanna um álfuna þvera og endilanga. Við frumflutninginn í Kaupmannahöfn brutust út fagnaðarlæti strax að lokinni kadensunni í fyrsta þætti. Þegar Franz Liszt hafði lesið konsertinn beint af blaði í viðurvist höfundar í Róm 1870 er sagt að hann hafi hrópað upp yfir sig: „Haltu áfram að semja, í Guðs bænum! Þú hefur það sem til þarf!“ Það kemur því ekki á óvart að útgefandinn Peters hafi pantað annan píanókonsert frá Grieg fimmtán árum síðar, en því miður varð ekkert úr þeim áformum.

Meðal dáðustu íbúa Leipzig á 19. öld var Robert Schumann. Grieg hafði verið handgenginn tónlist hans allt frá æskuárum og áhrif frá píanókonserti Schumanns má greina strax í upphafstöktunum; hvellur í hljómsveitinni, völdugir píanótónar sem stefna niður á við, lagrænt stef í tréblásurum sem píanistinn eignast brátt hlutdeild í. Töntegundin er líka hin sama. Ekki er að undra að ein ljúfasta minning Griegs frá Leipzig hafi verið þegar hann heyrði Clöru Schumann leika konsert manns síns með Gewandhaus-hljómsveitinni. Stef Griegs bera þó sterk höfundareinkenni, hvort sem um er að ræða ljóðrænar hendingar eða glæsilegt virtúósspil.

Annar þáttur konsertsins er óvenju tjáningarríkur þótt flest sé sagt í hálfum hljóðum. Strengirnir leika hjartnæmt stef en þegar sólistinn kveður sér hljóðs kynnrir hann til sögunnar nýja

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin hefur flutt píanókonsert Griegs yfir 20 sinnum á tónleikum, fyrst í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Þá lék Árni Kristjánsson einleik, en meðal annarra sólista má nefna Evu Knardahl (1972), Emil Gilels (1978) og Leif Ove Andsnes (1993).

Ilana Vered lék einleik í verkinu í fyrstu tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Bandaríkjanna í febrúar 1996, meðal annars á tónleikum í Carnegie Hall. Víkingur Heiðar Ólafsson lék konsertinn á opnunartónleikum Hörpu 4. maí 2011 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, og Garrick Ohlsson lék konsertinn á tónleikum hljómsveitarinnar í Kennedy Center í Washington D.C. árið 2013.

hendingu, draumkennda og fljótandi. Smám saman þokar hljómsveitin honum í áttina að upphafsstefinu sem nú er leikið af meiri ákafa en fyrr. Lokabátturinn byggir að miklu leyti á fjörugum hryn hinna norsku *balling*-þjóðlaga. Eftir draumkennda millikafli tekur Grieg stefnu á sérlega voldugan og áhrifamikinn hápunkt sem yngri tónskáld eins og Tsjajkovskij og Rakhmanínov hafa væntanlega dregið góðan lærdóm af.



SERGEJ PROKOFÍEV

RÓMEÓ OG JÚLÍA

Þegar Sergej Prokofiev (1891–1953) sneri aftur til Sovétríkjanna um miðjan fjórða áratuginn eftir átján ára dvöl í París og Bandaríkjunum gáfu yfirvöld honum undir fótinn með að nýjum verkum hans yrði vel tekið og þau flutt um leið og þau væru fullgerð. Raunin varð þó allt önnur, eins og hann komst að fyrr en varði. Kirov-leikhúsið falaðist eftir ballett frá Prokofiev árið 1934 en þegar nýir yfirmenn tóku við skiptu þeir um skoðun og að lokum var það Bolsjoj-ballettinn í Moskvu sem pantaði tónlistina. Þegar yfirmenn ballettsins heyrðu hið nýja verk Prokofievs við *Rómeó og Júlíu* kom annað hljóð í strokkinn; þeim þótti tónlistin „ekki danshæf“ og riftu samningnum. Prokofiev óttaðist að ef ballettinn kæmist ekki á svið myndi tónlistin aldrei ná hylli og því setti hann saman tvær konsertsvítur (op. 64 a/b), og síðar þá þriðju (op. 101), sem hafa notið mikillar hylli æ síðan. Útsetning hans á tíu þáttum fyrir einleikspíanó jók síðan enn á vinsældirnar enda tónlistin við *Rómeó og Júlíu* eitt hans dádasta verk.

Ballettinn komst fyrst á svið í Brno í Tékklandi í desember 1938, en rúmu ári síðar í Leníngrad. Tregða sovéskra balletstjóra til að taka verkið til sýninga er illskiljanleg þar sem tónlistin fellur vel að yfirlýstum markmiðum sovéskra yfirvalda, sem og Prokofievs sjálfs. Eitt fyrsta verk Prokofievs eftir heimkomuna til Sovétríkjanna var að gera grein fyrir fagurfræði sinni í grein í dagblaðinu *Isvestjja*. Þar sagði hann meðal annars: „Ég tel að okkur vanti fyrst og fremst það sem mætti kalla „léttþunga“ eða „þung-létta“ tónlist. Hún þyrfti fyrst og fremst að vera lagræn og stefin ættu að vera einföld og skýr, án þess þó að verða endurtekningasöm eða klisjukennnd. Við þurfum ekki gamla einfaldleikann, heldur nýjan einfaldleika.“ Síðar sagði Prokofiev um *Rómeó og Júlíu* að hann vonaðist til að snerta hjórtu hlustenda með tónlist sinni. „Ef fólk tekst ekki að finna laglínur og tilfinningu í þessu verki mun ég taka það mjög nærri mér – en ég er raunar fullviss um hið gagnstæða.“

Fjölbreytni einkennir balletttónlist Prokofievs við *Rómeó og Júlíu* eins og kaflarnir sem leiknir verða í kvöld sýna. Þungbúinn upphafskafllinn lýsir fjölskyldunum sem eiga í erjum, Montag og Kapúlett. Yngismærin Júlía fær sérstakan dansþátt þar sem hún skoppar um léttfætt og áhyggjulaus. Grímuball hljómar undir dansleik Kapúletta í fyrsta þætti ballettsins, þegar Rómeó og vinir hans mæta óboðnir og grímuklæddir á svæðið. Í tónlistinni speglast Rómeó í blíðum strengjatónum og Júlía í bjartri flautunni. Dauði Tíbalts er dramatískur kafli þar sem Rómeó drepur frænda Júlíu og innsiglar þannig örlög sín. Í sjálfsævisögu sinni segir Prokofjev að upphaflega hafi hann viljað láta ballettinn enda vel, ólíkt leikritinu sem endar með ósköpum eins og kunnugt er. „Ég var eingöngu með hugann við dansinn og framkvæmd hans á sviðinu,“ sagði tónskáldið: „lifandi fólk getur dansað, en dauðir eiga erfiðara með það.“ Að lokum sannfærðist hann þó um að unnt væri að láta ballett enda með harmleik, eins og tónlistin er til vitnis um. Lokaðátturinn er endurminning um ungar ástir þar sem vísað er í stef úr fyrri köflum en með enn harmrænna yfirbragði en áður.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þættir úr ballettsvítum Prokofievs við Rómeó og Júlíu hafa hljómað á tónleikum Sí í ótal samsetningum gegnum tíðina. Bohdan Wodiczko stýrði flutningi á svítu nr. 2 í Háskólabíói árið 1966, Vladimir Ashkenazy stjórnaði völdum köflum úr svítunum þremur árið 1975, James Gaffigan árið 2010 og Osmo Vänskä árið 2013. Síðast hljómuðu þættir úr svítunum undir stjórn Keri-Lynn Wilson á Menn-ingarnótt 2017.

FIM 16 MAÍ 19:30



BRAHMS OG BJARNI FRÍMANN

Tveir frábærir íslenskir strengjaleikarar leiða saman hesta sína á þessum tónleikum þeir Ari Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Agnarsson. Saman leika þeir tilfinningaþrunginn tvíkonsert Brahms fyrir fiðlu og selló. *Akademíski hátíðarforleikurinn* er glaðvært skemmtistykki sem Brahms samdi í þakkarskyni eftir að honum hafði verið veitt heiðursdoktorsnafnbót við þýskan háskóla. Louise Farrrenc var framúrskarandi píanóleikari á 19. öld og samdi hún fjölmörg píanó- og kammerverk, en einnig þrjár rómantískar sínfóníur. Sú þriðja hljómar á tónleikunum sem lýkur á spænskuskotinni fantasíu Chabriers þar sem hann fléttar saman sprellfjöruga spænka dansa með eftirminnilegum tilþrifum. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.

FIM 23 MAÍ 19:30



THIBAUDET OG BEETHOVEN

Franski píanistinn Jean-Yves Thibaudet hefur um áratuga skeið verið einn sá fremsti á heimsvísu. Hljóðritanir hans hafa selst í metupplögum. Árið 2011 frumflutti Thibaudet píanókonsert nr. 3 eftir skoska tónskáldið James MacMillan og er það tilhlökkunarefni að Thibaudet skuli flytja þetta verk á Íslandi og að samverkamaður hans hér sé einmitt Osmo Vänskä, sem einnig stýrði frumflutningnum. *Hetjuhljómkvíða* Beethovens er eitt af tímamótaverkum tónlistarsögunnar, kynngimagnað verk sem sprengdi öll viðmið um það hvað sínfónía átti að vera. Tónleikarnir hefjast á *Vetrarhimni*, stemningsríku verki Kaiju Saariaho, einu margverðlaunaðasta samtímatónskáldi Norðurlanda.

FIM 06 JÚN 19:30



RICHARD GOODE LEIKUR MOZART

Goode hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu tónlistarmanna Bandaríkjanna. Hér leikur Goode einn af síðustu píanó-konsertum Mozarts, saminn árið 1786 þegar tónskáldið stóð á hátindi ferils síns. Fyrsta sínfónía Brahms hefur stundum verið kölluð „tíunda sínfónía Beethovens“ enda þótti mörgum sem hann hefði með verkinu sannað að hann væri verðugur arftaki hins mikla meistara. Tónleikarnir eru undir stjórn hollenska hljómsveitarstjórans Edo de Waart, sem hóf stjórnandaferilinn sem aðstoðarmaður Bernsteins hjá New York-fílharmoníunni, og hefjast á verki eftir John Adams, *Short Ride in a Fast machine*.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

9. MAÍ 2019

1. FÍÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Justyna Bidler
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir

2. FÍÐLA

Peter Andreas Nielsen
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pascal La Rosa
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Lucja Koczot
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Hildur Rundólfsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir

BASSI

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Linda Sarcuni
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Helga Björg Arnardóttir
Rúnar Óskarsson

SAXÓFÓN

René Wiik

FAGOTT

Juan B. Ruiz Bandoux
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Kasper Knudsen
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Vilhjálmur Sigurðarson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Chance Huiet

HARPA

Elísabet Waage
Matthew Tutschky

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson
Soraya Nayyar
Helgi Þorleiksson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi og aðalgeststjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljódfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systurum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is